

# Spóinn Fréttabréf Veturinn 2020 - 2021

## Kennarar á Spóanum veturinn 2020-2021

Guðný Rut Gunnlaugsdóttir deildarstjóri 100%  
Una Kristjana Jónatansdóttir grunn- og leikskólakennari 100%  
Olga Katrín Olgeirsdóttir BA í nútímafræði 100%  
Sigríður Karlsdóttir leiðbeinandi afleysing á Spóa og Lóu 50%



## Börnin á Spóanum

Í vetur verða 18 börn á Spóanum. Níu stúlkur og níu drengir.  
Öll eru þau fædd 2017, frá janúar til desember.

## Dagskipulag

Yfirlit yfir dagskipulagið er að finna á heimasíðunni okkar. Þar er hægt að sjá hvað verið er að gera á hverjum degi.

**Mánudagar** - Leikskólastarf

**Þriðjudagar** - Listasmiðja, leikskólastarf

**Miðvikudagar** - Leikskólastarf

**Fimmtudagar** - Leikskólastarf

**Föstudagar** - Salur, leikskólastarf

---

Beinn sími á Spóann er **460-6224**

GSM-númer Spóans er **670 - 4411**

<http://www.krogabol.karellen.is>

## Dagatal

Mánaðarlega útbúum við dagatal fyrir deildina en þar má sjá hvað ber hæst í hverjum mánuði. Dagatalið er sett inn á heimasíðu leikskólans en þar er hægt að prenta það út og hvetjum við alla til að gera það. Börnin hafa mjög gaman af að fylgjast með hvað bíður þeirra næsta dag eða í mánuðinum. Við hvetjum ykkur líka til að skoða facebook reglulega, þar eru ýmsar upplýsingar varðandi leikskólann

## Leikurinn

Leikurinn er mikilvægasta leið barnsins til að læra um lífið, samskipti, vináttuna, skiptast á, taka tillit og æfa sig í samskiptum og orðaforða. Við leggjum mikla áherslu á leikinn og að gefa börnunum það frelsi að æfa þessi mikilvægu skref í þroskaferlinu.

Þegar börnin leika sér í frjálssa leiknum þurfa þau að velja sér ákveðin svæði og dvelja þar um stund. Tímavakinn (klukkan) er stilltur og þau dvelja á svæðinu þar til tíminn er búinn. Stundum vilja þau halda áfram og þá er það í lagi en annars mega þau fara á nýtt svæði með öðru leikefni. Tímavakann notum við til að kenna þeim að vera lengur á sama svæði, að þau vaði ekki úr einu í annað. Einbeiting þeirra eykst jafnt og þétt og leikirnir þróast



## Hópastarf

Í hópastarfinu ætlum við að vinna markvisst að því að börnin tengist vel í hópnum og að þau geti tekið tillit til félaga sinna í leik og verkefnavinnu. Námsgvið leikskólans fléttast svo inn í allt starfið en þau eru: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.

Í vetur verða dagarnir þannig að á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum fara börnin í sinn hóp og eru með honum og kennara til kl: 11.00. Í hópastarfi vinnum við með stafi, tölustafi, tónlist, lífsleikni/dygðir, námssviðin, förum í útiveru og vettvangsferðir, ásamt því að vinna með þema sem kennarinn leggur fyrir eða börnin hafa áhuga á. Einnig situr hópurinn saman, með sínum kennara, við matarborð. Á þriðjudögum og föstudögum er svo meiri blöndun og útivera þar sem hópar fara þá í listasmiðju og sal. Hóparnir eru eftirfarandi (með fyrirvara um breytingar):

## Hópstjóri: Guðný Rut

Alda Karen  
Lísa Lind  
Hekla Sif  
Aron Logi  
Haukur Pór  
Bergsveinn Almar

## Hópstjóri: Olga

Róber Ingi  
Guðmundur Rafn  
Aníta Ósk  
Bergey Björk  
Birta Katrín  
Kristófer Atlas

## Hópstjóri: Una

Unnur Arna  
Precious  
Embla Nótt  
Haukur Snær  
Róbert Darri  
Gunnar Sigurður

### Lífsleikni

Í vetur vinnum við með tvær dygðir og eina undirdygð:

**Hugrekki** fyrir áramót

**Ábyrgð** eftir áramót

**Áreiðanleiki** sem undirdygð



Allt okkar starf litast af þessum dygðum, s.s. í samveru, listsköpun og hreyfingu. Á tímabili hvernar dygðar er dygðarstund þar sem kennarar og börn deildanna skiptast á að skemmta hinum. Ástæða þess að við veljum að vinna með þrjár dygðir er að þannig ná börnin að læra allar 12 dygðirnar í kennsluefninu okkar á fjórum leikskólaárum.

**Í septembermánuði er unnið með agareglur leikskólans og svo aftur í janúar.**

### Málrækt á Krógabóli

Tungumálið skiptist í fjóra þætti, hljóðkerfi, merkingarfræði, málfræði og málnotkun. Unnið er markvisst með alla málþættina í leikskólanum. Markmiðið með málrækt á Krógabóli er að gefa börnum tækifæri á að kynnast tungumálinu og möguleikum þess á fjölbreytilegan hátt. Málþættirnir þrír eru samofnir daglegu starfi í leikskólanum en einnig er unnið á markvissan hátt með ýmis verkefni sem miða að því að auka skilning og hæfni barna til að tjá sig og koma hugmyndum sínum á framfæri. Lögð er áhersla á lestur og að börn fái tækifæri til að nota málið á fjölbreytilegan hátt í starfinu, m.a. með því að læra þulur og vísur, syngja og segja frá.

Við vinnum mikið með hljóðkerfisvitundina en hún hefur forspárgildi varðandi hvernig barni gengur að læra að lesa. Við kennum börnunum að hlusta með lestri og

athyglisleikjum. Byrjum að vinna markvisst með takt og rím með tveggja ára, höldum áfram og bætum við flóknara rími og leik með málið hjá þriggja og fjögurra ára. Þar er einnig lögð áhersla á að kenna börnunum að ritað mál og tákn hafi merkingu.

## Lubbi

Við vinnum með bókina Lubbi finnur málbein. En það er námsefni sem inniheldur bókina um Lubba, hljómdisk og mynddisk. Lubbi er íslenskur fjárhundur og hann langar að læra að tala en þá vandast málið því þá þarf hann að læra öll íslensku máhljóðin. Börnin þurfa því að hjálpa Lubba að læra íslensku máhljóðin með söng og ýmsum öðrum æfingum. Þarna fer fram hljóðanáms í þrívídd; sjón, heyrn og hreyfi/snertiskyn er notað og fer það þannig fram að börnin gera táknin fyrir máhljóðin og hljóða máhljóðin.

## Listasmiðja



**Á þriðjudögum** höfum við **listasmiðju** til afnota. Við útbúum hin ýmsu verk sem tengjast t.d. árstíðunum, vettvangsferðum, þeirri dygd sem verið er að vinna með hverju sinni eða bara það sem okkur dettur í hug. Við notum alls kyns efnivið t.d. málningu, blek og lím og þrátt fyrir að börnin fari í svuntur þá halda þær ekki alltaf. Fatnaður þarf því að vera í samræmi við það. Verkin eru hengd upp inn á deild eða bíða vorsýningar í maí sem verður ákveðið síðar hvort verður.

## Salur - Hreyfing

Hreyfing er hluti af okkar daglega lífi hér á Krógabóli. Í salnum eru hreyfistundir og njóta börnin markvissra hreyfinga vikulega þar. Þetta eru mjög vinsælar stundir hjá börnunum og eru þær hafðar fjölbreyttar og skemmtilegar, allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Allir tímar byrja á því að börnin eru boðin velkomin og stundum smá spjall til að ná góðri tengingu saman. Tímarnir byrja á upphitun og þar læra börnin að fara eftir fyrirmælum um upphitunaræfingar. Í salnum læra börnin

að fara í gegnum þrautabrautir, æfa stöðvarþjálfun og æfingar fyrir heilsubókina. Þau fá kynningu á ýmsum íþróttagreinum og teknar eru fyrir algengustu boltaíþróttirnar, svo sem handbolti, fótbolti og körfubolti en einnig jóga og dans þar

æfa börnin jafnvægi, einbeitingu og slökun. Oft fer tíminn í að læra hreyfileiki, gamla og nýja og í lok hvers tíma þökkum við fyrir tímann. Krógaból er heilsuleikskóli og í október og mars er heilsubókarvika, þá gera börnin vissar æfingar eftir stöðluðum hreyfiæfingum og er það skráð í heilsubók barnsins. Að auki verður farið að meðaltali einu sinni mánuði í íþróttahúsið í Síðuskóla. Fagstjóri hreyfingar heitir Fanney Særún Benediktsdóttir, leikskólakennari.

## Útikennsla

Í leikskólanum er mikil áhersla lögð á útiveru og hreyfingu. Við förum a.m.k. 1x í viku í gönguferðir út fyrir skólalóðina sem lengjast er líða tekur á veturinn. Þær eru þó háðar veðri og færð hverju sinni. Í þessum vikulegu ferðum okkar fer fram mikið nám og hreyfing og áhersla er lögð á að byggja upp þol og þrek barnanna. Börnin halda í band og áhersla er lögð á að hver og einn passi sig og sitt pláss en um leið þá sem eru nálægt. Þá munum við einnig skoða ýmislegt sem okkur dettur í hug en umfram allt ætlum við að hafa gaman.

## Samstarf leikskóla Akureyrarbæjar og tónlistarskólans

Verkefnið gengur út á það að kennarar tónlistarskólans munu heimsækja alla leikskóla bæjarins vikulega og leiða þar söng. Með heimsóknnum sínum vilja þeir vinna í því ásamt öðrum kennurum að gera börnin meðvitaðri um menningararfleið sína og tengja saman tónlist, hreyfingu og hljóð. Til okkar á Krógaból mun Ívar Helgason tónlistarkennari koma hvern föstudag kl 9:00. Hægt er að fylgjast með verkefninu á síðu tónlistarskólans [tonak.is](http://tonak.is) og velja söngvaflóð

<https://www.tonak.is/is/songbok>

## Veikindi

Leikskólinn er ætlaður heilbrigðum börnum. Barn getur fengið í undantekningar-tilvikum að vera inni í einn dag eftir langvarandi veikindi. Barnið verður að vera búið að vera heima hitalaust í einn til tvo daga áður en það kemur aftur í leikskólann. Nú á tímum Covid - 19 eru reglurnar enn strangari eru foreldrar beðnir um að hafa eftirfarandi atriði í huga:

### **Barn á ekki að koma í leikskólann ef:**

- Barnið er með hita.
- Barnið er með kvef, hósta og að minnsta kosti eitt af eftirtöldum einkennum til viðbótar: slappleika, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki og/eða niðurgang.
- Barn skal sótt í leikskólann ef heilsufar þess breytist; barnið fær hita yfir 38°C og flensulík einkenni.

### **Leitið ráðgjafar hjá heilsugæslu:**

- Ef vafi leikur á því hvort barnið ætti að fara í leikskólann.
- Til að fá nánari upplýsingar um einkenni.

## Afmæli

Á afmælisdegi barnsins eða þann dag sem haldið er upp á afmæli þess í leikskólanum fær barnið að vera borðstjóri og það má koma með geisladisk og bók (ekki reyndar í Covid, en engar veitingar eru leyfilegar. Við gerum daginn eftirminnilegan fyrir barnið, það fær kórónu, við syngjum afmælissönginn og kveikjum á kertum sem barnið síðan blæs á. Allt er þetta myndað og fær barnið afmæliskort með myndum af sér á afmælisdaginn.

Ef þjóða á börnum af deildinni í afmæli heim eru afmæliskort í hólfi ekki leyfileg þar sem skapast geta óþarfa leiðindi ef eitt barn fær boðskort en annað ekki. Fáíð frekar heimilisföng uppgefin hjá okkur og gerið skemmtilega ferð úr því að dreifa þeim í heimahús.

## Karellen

Síðustu mánuði höfum við verið að nota leikskólakerfið Karellen til að halda utan um alla mætingu nemenda. Í Karellen er einnig boðið upp á skráningu á svefntíma og matartíma barnanna auk þess sem myndir af börnunum eru settar inn á þeirra svæði. Foreldrar geta á einfaldan hátt sent skilaboð til deildar barnsins með upplýsingum um t.d. veikindi, hver nær í barnið o.s.frv. Á sama hátt geta kennarar sent skilaboð til hópa eða einstaka forráðamanna innan kerfisins.

Þeir foreldrar sem ekki hafa skráð sig inn í kerfið gera það með því að fara inn á [my.karellen.is](http://my.karellen.is) og velja síðan nýskráningu, þar eru mjög góðar skýringar á allri notkun á kerfinu. Karellen er einnig til sem app og mælum við með að þið náðið í það í símana ykkar eftir að þið hafið virkjað aðganginn á vefsíðunni.

## Leikföng og matur

**Að gefnu tilefni:**

- Leikföng að heiman eru ekki leyfileg í leikskólanum.
- Stranglega er bannað að koma með mat í leikskólann þar sem nokkur börn í leikskólanum eru með bráðaofnæmi. (Það er freistandi að fá að smakka eitthvað góðgæti sem vinirnir hafa ef til vill í poka eða ofan í tösku). Við gerum þó undantekningu á þessu þegar það er nestisdagur.

**Mjög erfitt er að taka á móti börnunum þegar morgunmatur er og er það líka truflandi fyrir hin börnin. Við mælumst til að þið foreldra komi ekki með börnin á þeim tíma.**

## Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl verða í vor, á tímabilinu mars til apríl, þar sem farið verður yfir heilsubók barnsins, þroska og líðan þess í leikskólanum. Foreldrum þeirra barna sem byrjuðu á Spóanum í haust verður boðið upp á 3-6 mánaða samtál nú í nóv / des. Ef

óskað er eftir fleiri samtölum þá er sjálfsagt að veita þau og hafa samband við deildarstjóra. **Foreldrar eru beðnir um að koma með grímur í samtöl.**

## Kaffidagar

Vegna Covid-19 verður árlegum kaffidögum aflýst þetta skólaárið.



## Vistunartími

### Leikskólinn er opinn frá 7:45-16:15

Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að virða vistunartíma barnsins.

**Barnið á að vera farið úr leikskólanum þegar vistunartíma þess líkur.**

T.d. ef barn er með vistunartíma til kl. 14:00 eða 16:15 þá á það að vera farið út úr leikskólanum á þeim tíma og ef barn er með tímann kl. 8:00 þá má það ekki koma fyrir þann tíma. Við viljum benda á þetta þar sem fjöldi starfsmanna fer eftir því hversu mörg börn eru á deildinni á hverjum klukkutíma. Ef eitthvað óvænt kemur upp á þá vinsamlegast hringið og látið okkur vita.

## Fataherbergi

Á Spóanum, Lóunni og Hreiðrinu er kassinn ætlaður undir auka útifatnað. Útiföt, úlpa, snjófatnaður, pollaföt eiga að hanga í hólfinu. Auka innifatnaður er í körfum inni á baðherbergjum.

Skór fara upp á skógrind fyrir neðan hólfin og stígvél einnig.

**Allur blautur og óhreinn fatnaður úr hólfum á að fara heim daglega. Þá viljum við minna á að í sóttvarnarskyni er einungis heimilt að fara inn og sækja í hólfin en börnin fara heim í þeim fatnaði sem þau klæðast þegar þau eru sótt.**

**Mikilvægast af öllu er taupokinn : Hann er ætlaður til að flytja fatnað milli heimilis og skóla og undir blaut og skítug föt eftir daginn.**

**Einnig viljum við brýna fyrir foreldrum að merkja öll föt, skó og stígvél.**



## Bílaplan

Á bílaplani leikskólans eru tvö stæði fyrir fatlaða.

Stæðiskort fyrir hreyfihamlaða veitir heimild til að leggja ökutæki hvar sem er á landinu í bifreiðastæði sem ætlað er fyrir fatlaða og auðkennt er með þar til gerðu umferðarmerki. Í leikskólanum eru nokkur börn sem eru í flokki fatlaðra og eiga foreldrar þessara barna rétt á að nota þessi bílastæði. Einnig geta verið í leikskólanum foreldrar sem eiga rétt á að leggja í þessi bílastæði en bera ekki sjúkdóma utan á sér og biðjum við foreldra að virða það.

Einnig við viljum minna foreldra á að drepa á bílnum þegar þeir koma með eða sækja barnið. Þegar bílar eru enn kaldir myndast tiltölulega hátt hlutfall af eiturgasinu kolmónoxíð og í hægum vindi liggur þetta eitur í öndunarhæð barnanna.

### Mikilvægt:

- keyra inn á bílaplanið um efri innkeyrslu
- keyra út af bílaplaninu um neðri útkeyrslu
- loka og læsa leikskólahlíðinu þegar þið gangið um það
- gæta þess að ekkert barn fari út um hliðið nema ykkar eigið
- að börnum sé ekki leyft að opna og loka hliðinu

Vinsamlegast upplýsið ættingja og vini sem eru að sækja eða koma með börnin ykkar í leikskólann um þessar reglur

**Kær kveðja frá kennurum Spóans með von um gott og ánægjulegt samstarf í vetur.**

**Guðný Rut, Una, Olga og Sigga**

